

reglugerð þessa, þannig að skoðun, merking eða eftirlit matsmanna þess vegna tekur 146 óeðlilega langan tíma. Saltendum skal í hvert sinn tilkynnt hve miklu þetta auka- 27. ágúst gjald nemur, og annast Sildarmat ríkisins innheimtu þess.

## 7. gr.

Á eftir 16. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:

Sildarmatsstjóri skal gera sér far um að kynna útlendum kaupendum gæða- flokkun sildarmatsins, meðal annars með því að útbýta lögum og reglugerð um sildar- mat, sem í þessu skyni skulu þýdd á helztu tungumál kaupendanna.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 197 25. október 1939.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

147

fyrir notkun rafmagns í Ólafsfjarðarkauptúni.

28. ágúst

## 1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa um mæli er fyrst um sinn kr. 1.10 fyrir hverja kíló- wattstund. Þó skal vera lágmarksgjald fyrir ljósatímamann yfir veturinn, kr. 7.50 fyrir hvert íbúðarherbergi eða eldhús, sem notar raforku.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjald þetta um allt að 20%, eftir því sem þarf, til þess að rekstur stöðvarinnar beri sig.

Hreppsnefnd ákveður verð á rafmagni til gatna- og hafnarlýsingar og til hleðslu rafgeyma fyrir útvarpstæki. Verð á raforku til ljóslækninga ákveðst með samn- ingi.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að rafmagn handa sjóhúsum og peningshúsum skuli selt herra verði en rafmagn til annara ljósa.

Óski einhver að stöðin sé rekin utan venjulegs ljósatíma skal hann greiða kr. 5.00 aukagjald fyrir hverja klukkustund, sem vélar stöðvarinnar eru í gangi þess vegna.

Mælisleiga er kr. 5.00 fyrir ljósatímabilið og greiðist hún með fyrsta mánaðar- gjaldinu á hverju ljósatímabili.

## 2. gr.

Gjald fyrir rafmagn um mæli greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælinum.

Sé gjaldið fyrir rafmagn eigi greitt innan viku frá gjalddaga, má slíta sam- bandi við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, sem lögnin er í.

## 3. gr.

Nú verður uppvíst að einhver notar rafmagn utan mælis eða notar óleyfileg vör og skal þá tafarlaust lokað fyrir strauminn til þess notanda. Skal hreppsnefnd þá áætla raforkunotkun hans og verður ekki opnað aftur fyrir strauminn fyrr en notandinn hefir greitt þrefalt gjaldskrárgjald fyrir hina áætluðu raforkunotkun.

147  
28. ágúst

4. gr.  
Gjöld öll fyrir raforku má taka lögtaki.

5. gr.  
Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

148  
28. ágúst

## G J A L D S K R Á

fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.  
Verð á rafmagni til almenningsnota í Siglufjarðarkaupstað er sem hér segir:  
Til ljósa 100 aura fyrir kwst.  
Til suðu 15 aura fyrir kwst.  
Til orku 50 aura fyrir kwst.

2. gr.  
Rafmagn er Siglufjarðarkaupstaður notar sjálfur til götulýsingar og til eignarþarfa yfirleitt, skal greiddast með 30 aur. hver kwst.

3. gr.  
Verðákvæði 1. og 2. gr. getur h.f. Skeiðsfoss með samþykki bæjarstjórnar hækk-  
að eða lækkað um allt að 20%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

4. gr.  
Þegar um sölu á rafmagni til fyrirtækja er að ræða, sem nota 50 HA eða meira, verður gerður sérstakur samningur í hvert sinn.

5. gr.  
Gjald fyrir rafmagn fellur í gjalddaga þegar er lesið hefir verið af og reikningur afhentur.  
Rafmagnsgjöld má taka lögtaki.

6. gr.  
Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Gjaldskrá 25. nóvember 1922 um notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað með síðar áorðnum breytingum er úr gildi fallin.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*